

Mánudaginn 20. febrúar 1950.

Nr. 125/1949. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)

gegn

**Finnboga Rút Valdimarssyni, Guðmundi Gestssyni, Ingjalði Ísakssyni, Hauki Jóhannessyni, Johan Schröder, Siggeir Ólafssyni, Ingva Loftssyni, Einari Júlíussyni, Ólafi Jónssyni, Axel Ólafssyni, Þorsteini Pálssyni, Þorkeli Jónssyni, Runólfi Péturssyni, Daða Jóhannessyni og Guðna Erlendssyni**

(Sigurður Ólason).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson  
og Einar Arnalds borgardómari í stað  
hrd. Jónatans Hallvarðssonar og  
hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Refsing dæmd fyrir ærumeiðandi ummæli um opinberan starfsmann.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Telja verður, að saksókn þessi gegn ákærðu sé heimil, sbr. 27., 29. og b-lið 242. gr laga nr. 19/1940.

Í skjali því, sem mál þetta er af risið, lýsa ákærðu því m. a., „að þeir telja val hreppstjóra, sem nýlega hefur farið fram fyrir hinn nýja hrepp, hafa mistekizt svo, að ekki verði við unað“. Í framhaldi af þessum ummælum lýsa ákærðu þeim kostum, er hver hreppstjóri þurfi að vera búinn, svo sem „að njóta almennrar virðingar samborgara sinna“, „að vera sanngjarn maður, óhlutdrægur og orðvar og hafa jafnframt til brunns að bera nokkra þekkingu og starfshæfni“. Þá segja ákærðu og, að skattborgararnir eigi meira undir því en nokkurn tíma áður, „að slíkt starf sé falið hinum trúverðustu . . . mönnum, sem til þess verði fundnir“. Framangreind ummæli, lesin í samhengi, verða ekki skilin öðruvísi en svo, að kæranda, Þórð Þorsteinsson hreppstjóra, bresti þá kosti og hæfi, sem tilgreind eru.

Enn viðhafa ákærðu þau ummæli í skjalinu um kæranda, „að öll framkoma hans og afskipti af hreppsmálum hafi vakið

andúð og óánægju meirihluta hreppsbúa og staðfest það álit margra, sem hann þekktu áður, að mikið vanti á, að hann sé hæfur til opinberra starfa“. Loks lýsa ákærðu því álitinu, „að íbúum þessa hrepps almennt sé óvirðing gerð með þessari skipun“.

Hin tilvitnuðu ummæli eru ærumeiðandi og móðgandi í garð kæranda, en önnur ummæli, sem saksótt er fyrir, verða ekki talin saknæm. Af gögnum málsins er að vísu ljóst, að þekkingu kæranda á stafsetningu íslenzks máls og framsetningu þess er ábóta vant, en með þessu eru þó ekki framangreind ummæli um vöntun hans á starfshæfi vegna þekkingarskorts nægjanlega réttlætt.

Önnur hin tilvitnuðu ummæli vilja ákærðu sanna með því að vísa til vættis um útistöður, sem kærandi hafi átt við nokkra hreppsbúa, svo og með því að bera honum á brún hegðun, sem ótilhlýðileg verði að teljast. Það er bæði, að ekki liggur fyrir nægilega ljóst um aðdraganda að útistöðum þessum og að sönnur brestur fyrir þeirri hegðun af hendi kæranda, að réttlætt geti þann áburð á hendur honum um vöntun á manndyggðum, sem felst í hinum tilvitnuðu ummælum.

Varða hin tilvitnuðu ummæli við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hvers hinna ákærðu hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist 4 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin tilvitnuðu ummæli um kæranda skulu vera ómerk.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og um greiðslu kostnaðar af birtingu dóms í máli þessu eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, kr. 2000.00, og laun verjanda í Hæstarétti, kr. 1400.00.

#### Dómsorð:

Ákærðu, Finnbogi Rútur Valdimarsson, Guðmundur Gestsson, Ingjaldur Ísaksson, Haukur Jóhannesson, Johan Schröder, Siggeir Ólafsson, Ingvi Loftsson, Einar Júlíusson, Ólafur Jónsson, Axel Ólafsson, Þorsteinn Pálsson, Þorkell Jónsson, Runólfur Pétursson, Daði Jó-

hannesson og Guðni Erlendsson, greiði hver 500 króna sekt til ríkissjóðs, er aflánist 4 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin tilvitnuðu ummæli um kæranda, Þórð Þorsteinson hreppstjóra, skulu vera ómerk.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og um greiðslu kostnaðar af birtingu dóms í máli þessu eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, og laun verjanda í Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1400.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur aukaréttar Reykjavíkur 6. ágúst 1949.**

Ár 1949, laugardaginn 6. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á Friðkirkjuvegi 11 af Valdimar Stefánssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2849—2863/1949: Réttvísinn gegn Finnþoga Rút Valdimarssyni o. fl., sem dómtekið var 2. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Finnþoga Rút Valdimarssyni hreppsnefndaroddvita, Marbakka, Guðmundi Gestssyni skrifstofustjóra, Kópavogsbraut 19, Ingjalði Ísakssyni afgreiðslumanni, Fífuhvammi, Hauk Jóhannessyni loftskeytamanni, Bankaseli, Johan Schröder garðyrkjumanni, Birkihlíð, Siggeir Ólafssyni húsnámsmeistarara, Hlíðarvegi 26, Ingva Loftssyni múrara, Borgarholtsbraut 31, Einari Júlíussyni trésmið, Álfhólsvegi 15, Ólafi Jónssyni loftskeytamanni, Kópavogsbraut 23, Axel Ólafssyni verkamanni, Hlíðarvegi 3, Þorsteini Pálssyni verkamanni, Urðarbraut 3, Þorkeli Jónssyni bifvélavirkja, Neðri-Dal, Runólfi Péturssyni iðnaðarmanni, Snælandi, Daða Jóhannessyni verkamanni, Álfhólsvegi 19 og Guðna Erlendssyni kaupmanni, Kársnesbraut 12, öllum í Kópavogshreppi, fyrir brot gegn XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 til refsingar, málskostnaðargreiðslu, greiðslu kostnaðar við birtingu dómsins í opinberu blaði og til ómerkingar ummæla, sem síðar verða rakin.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, fæddir sem hér segir:

Finnþogi Rútur Valdimarsson 24. september 1906, Guðmundur Gestsson 5 nóvember 1904, Ingjaldur Ísaksson 27. október 1909, Haukur Jóhannesson 15. febrúar 1915, Johan Schröder 28. janúar 1903, Siggeir Ólafsson 3.

júní 1916, Ingvi Loftsson 28. maí 1903, Einar Júlíusson 14. febrúar 1915, Ólafur Jónsson 17. ágúst 1906, Axel Ólafsson 25. október 1903, Þorsteinn Pálsson 20. janúar 1893, Þorkell Jónsson 7. maí 1906, Runólfur Pétursson 3. maí 1904, Daði Jóhannesson 2. ágúst 1895 og Guðni Erlendsson 21. desember 1915.

Ákærðu Guðmundur Gestsson, Johan Schröder, Ingvi Loftsson, Axel Ólafsson, Þorsteinn Pálsson og Daði Jóhannesson hafa hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Hinir hafa sætt þessum ákærum og refsingum:

Ákærði *Finnbogi Rútur Valdimarsson*,

1934 9/4 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. Sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 9. kafla hegningarlaganna. Staðfest í Hæstarétti 31/10 1934.

1947 24/10 Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. umferðarlaganna.

Ákærði *Ingjaldur Ísaksson*,

1934 23/1 Sátt: 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

1934 12/11 Sátt: 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1938 26/11 Undir rannsókn út af óspektum. Felld niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins 18/2 1939.

1939 24/3 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málsóknar.

1941 28/1 Áminning fyrir að sinna ekki umferðarbendingu lögregluþjóns.

Ákærði *Haukur Jóhannesson*,

1942 28/8 Sátt: 25 kr. sekt fyrir að sinna ekki stöðvunarmerki lögregluþjóns.

1943 10/6 Sátt: 30 kr. sekt fyrir að hafa tvo farþega í framsæti bifreiðar.

Ákærði *Siggeir Ólafsson*,

1947 17/11 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1948 10/3 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Ákærði *Einar Júlíusson*,

1941 20/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 30 daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir reiðhjólspjófnad.

1942 27/12 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði *Ólafur Jónsson*,

1929 6/7 Sátt: 10 kr. sekt, fyrir brot gegn bifreiðalögunum.

1930 12/3 Dómur Hæstaréttar, 125 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 4 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögunum og áfengislögunum.

Ákærði *Þorkell Jónsson*,

1933 6/11 Sátt: 30 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1938 21/9 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Ekki talin ástæða til málsóknar.

1938 23/9 Undir sams konar rannsókn. Sams konar afgreiðsla.

1943 15/6 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

Ákærði *Runólfur Pétursson*,

1935 30/1 Sátt: 20 kr. sekt fyrir ökuslys.

1936 17/2 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óróa á almannafæri.

- 1937 7/4 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur. 50 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 50/1927.
- 1943 16/7 Dómur sama réttar. 10 daga varðhald og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
- 1946 4/9 Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.
- 1947 26/9 Sátt: 150 kr. sekt fyrir vanrækslu á að færa bifreið til skoðunar.
- 1948 19/11 Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur.

Ákærði *Guðni Erlendsson*,

- 1947 24/7 Hafnarfjörður. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ofhraðan akstur.
- 1947 10/10 Hafnarfjörður. Sátt: 50 kr. sekt fyrir vanrækslu á að færa bifreið til skoðunar.
- 1948 21/5 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Síðan málið var höfðað, hefur einn þeirra, sem málhöfðun var skipuð gegn, Guðmundur Eggertsson skólastjóri, Hlíðarveg 9, andast.

Í ársbyrjun 1948 var Seltjarnarneshreppi skipt í tvö hreppsfélög, og var Kópavogshreppur annað þeirra. Á aukafundi sínum 23. febrúar 1948 nefndi sýslunefnd Kjósarsýslu þrjá menn sem hreppstjóraefni hins nýja hrepps. Einn þessara manna var Þórður Þorsteinsson, garðyrkjumaður á Sæbóli. Skömmu eftir fundinn skipaði sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hann hreppstjóra í hreppnum frá 1. marz 1948, og hefur hann gegnt því starfi síðan.

Í lok aðalfundar sýslunefndar Kjósarsýslu 7. júní 1948 lagði sýslunefndarmaður Kópavogshrepps, ákærði Finnbogi Rútur Valdimarsson oddviti, fram staðfest afrit af skjali, undirrituðu af 234 hreppsbum, þar sem lýst er megnri óánægju yfir skipun Þórðar Þorsteinssonar í hreppstjóra- starfið og skorað á sýslumann og sýslunefnd að taka tafarlaust til nýrrar athugunar val hreppstjóra í hreppnum. Skjalið er ódagsett, og er meginmál þess svohljóðandi:

„Undirritaðir íbúar Kópavogshrepps lýsa hér með yfir, að þeir telja val hreppstjóra, sem nýlega hefur farið fram fyrir hinn nýja hrepp, hafa mistekizt svo, að ekki verði við unað.

Vér teljum, að hver hreppstjóri þurfi að njóta almennrar virðingar samborgara sinna og trausts til allra starfa sem yfirvald, en auk þess þurfi hann, eigi sízt nú á tímum eignakönnunar og strangra skattalaga, um fram allt að vera sanngjarn maður, óhlutrægur og orðvar, og hafa jafnframt til brunns að bera nokkra þekkingu og starfshæfni vegna starfa sinna sem formaður í skattanefnd og að hinir almennu skattborgarar eigi því meira undir því en nokkurn tíma áður, að slíkt starf sé falið hinum trúverðugustu og færustu mönnum, sem til þess verða fundnir.

Vér neitum því eindregið, að hér í hreppnum verði ekki fundnir margir hæfari og sjálfsagðari til þessa starfa en sá, sem valinn hefur verið.

Vér getum ekki talið, að hann hafi með störfum sínum og framkomu aflað sér þess trausts samborgara sinna, sem nauðsynlegt sé um mann í slíkrí stöðu. Þvert á móti verðum vér að telja, að öll framkoma hans og

afskipti af hreppsmálum hafi vakið andúð og óánægju meirihluta hrepps-búa og staðfestir það álit margra, sem hann þekktu áður, að mikið vanti á, að hann sé hæfur til opinberra starfa. Vér verðum að álíta, að íbúum þessa hrepps almennt sé óvirðing gerð með þessari skipun, þar sem ályktun hlýtur að verða dregin af henni, að ekki sé völ á neinum mönnum hæfari hér í hreppi.

Vér viljum í lengstu lög trúa því, að ókunnugleiki aðeins hafi valdið þeim mistökum, sem hér hafa orðið, og vér teljum oss sem frjálsum borgurum rétt og skylt að mótmæla.

Þess vegna viljum vér skora á sýslumann og sýslunefnd að taka tafarlaust til nýrrar athugunar val hreppstjóra hér í hreppi.“

Þegar skjal þetta hafði verið lagt fram á fundinum, skoraði sýslumaður á sýslunefndarmann Kópavogshrepps að nefna einstök dæmi aðfinnslum sínum í garð hreppstjórans til sönnunar, en eigi segir sýslumaður sýslunefndarmanninn hafa gert það, heldur hafi hann rætt um málefni þetta almennt, mjög í sama tón og í skjalinu er. Enga ályktun gerði sýslunefndin um málið.

Hinn 15. desember s. l. ritaði hrl. Guttormur Erlendsson f. h. hreppstjórans dómsmálaráðuneytinu bréf, þar sem hann lýsir því, að hreppstjóri telji skjalið allt mjög meiðandi og móðgandi í sinn garð og krefst opinberrar málshöfðunar gegn undirskrifendum skjalsins og gerir þær kröfur, að þeim verði refsað lögum samkvæmt, dæmdir til að greiða hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði og að hin ærumeiðandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk. Í bréfi sama hæstaréttarlögmanns f. h. hreppstjórans til sama ráðuneytis, dagsettu 30. desember s. l., er málshöfðunarkrafan takmörkuð við þá, sem ákærðir eru í þessu máli. Í umboðsskrá dómarans, dagsettri 19. febrúar s. l., er fyrirskipuð rannsókn málsins og málshöfðun í framangreindu skyni á hendur hinum ákærðu.

Af hálfu hinna skipuðu verjenda ákærðu, hrl. Sigurðar Ólasonar og Unnsteins Beck, fulltrúa borgardómara, hefur verið á það bent, að sex mánaða fresturinn, sem um ræðir í upphafi 29. gr. hegningarlaganna, hafi verið liðinn, þegar hreppstjóri lét rita dómsmálaráðuneytinu um málið hinn 15. desember 1948. Eigi er þetta þó sannað, og getur það því engin áhrif haft á gang málsins. Þá er því haldið fram af verjendanna hálfu, að málinu eigi að vísa frá sökum þess, að eigi liggja fyrir þau skilyrði til málshöfðunarinnar, sem krafizt er í b-lið 2. tölulíðs 242. gr. hegningarlaganna, þar sem hreppstjórinn hafi vart eða ekki verið tekinn til starfa sem slíkur, þegar skjalið var gert, og sé því ekki í því um að ræða aðdróttanir í sambandi við hreppstjórastörf hans. Það er að vísu rétt, að eigi er í skjalinu beinlínis rætt um hreppstjórastörf hreppstjórans, en þar er því m. a. dróttað að honum, „að mikið vanti á, að hann sé hæfur til opinberra starfa“. Væru þessi ummæli á rökum reist, mundu þau hafa sýslunarmissi hreppstjórans í för með sér, og þegar af þessari ástæðu var málshöfðunin heimil, og verður málinu því eigi vísað frá.

Ákærðu hafa allir viðurkennt að hafa ritað nöfn sín undir skjalið. Allir

segjast þeir hafa verið mjög óánægðir með skipun Þórðar Þorsteinssonar í hreppstjórastarfið og hafa nefnt ýmis dæmi um ástæður til þess. Þegar fréttist í hreppinn, að Þórður hefði verið skipaður hreppstjóri, komu nokkrir menn, ca. 30, saman á viðræðufundi um, hvernig við þessu skyldi bregðast, þar á meðal allir ákærðu nema Daði Jóhannesson. Á þessum fundum varð mótmælaskjalið til, og gekk það síðan um hreppinn til undirskrifta. Síðan var það fengið í hendur ákærða Finnþoga Rút Valdimarssyni til þess, að hann kæmi því á framfæri við sýslunefndina. Að sjálfsögðu var hinum ákærðu heimilt að bera fram við sýslunefndina gagnrýni á skipuninni í hreppstjórastarfið, en mjótt reynist oft mundangshófið milli heimillar gagnrýni og ummæla, sem varða við meiðyrðalöggjöfina. Önnur málsgrein skjalsins er út af fyrir sig réttmæt, en þar eru taldir ýmsir kostir, sem hreppstjórar þurfi að hafa til brunns að bera. Í fyrstu málsgreininni er hins vegar sagt, að val hreppstjóra Kópavogshrepps hafi mistekizt svo, að ekki verði við unað. Af innbyrðis sambandi þessara tveggja málsgreina verður eigi annað séð en að undirskrifendur telji hreppstjóránn skorta svo mikið þeirra kosta, sem önnur málsgreinin nefnir, að hann sé með öllu óhæfur til starfans. Jafnvel mætti ætla, að fyrir undirskrifendum hafi vakað að gefa í skyn, að hreppstjórinn hefði enga þá kosti til að bera, sem taldir eru í annarri málsgreininni. Verður eigi hjá því komizt að telja, að í báðum þessum málsgreinum, þegar saman koma, felist aðdróttun, sem varðar við 235. gr. hegningarlaganna.

Þriðja málsgrein skjalsins þykir ekki varða við lög. Fyrsta setning fjórðu málsgreinar þykir eigi heldur varða við lög, en málsgreinin að öðru leyti, frá „þvert á móti . . .“ og út, þykir varða við 235. gr. hegningarlaganna og sömuleiðis upphaf fimmtu málsgreinar: „Vér verðum að álita, að íbúum þessa hrepps almennt sé óvirðing gerð með þessari skipun . . .“. Að öðru leyti getur skjalið eigi talizt varða við lög.

Ákærðu hafa við rannsókn málsins leitazt við að færa sönnur á nokkur dæmi um þá vankanta í fari hreppstjórans, sem réttlæti framangreind ummæli, svo sem gáfnaskort, menntunarskort og skapbresti ýmsa. Eigi þykir ástæða til að rekja þau dæmi hér né rannsókn þeirra, en eigi þykja þær ávirðingar hafa sannazt á hreppstjóra, að þær réttlæti framangreind ummæli.

Samkvæmt framansögðu þykir refsing ákærðu, hvers um sig, hæfilega ákveðin 600.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað hvefrrar sektar, verði þær eigi greiddar innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna að dæma framangreind refsiverð ummæli ómerk.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. sömu laga verða hinir ákærðu in solidum dæmdir til að greiða Þórði hreppstjóra Þorsteinssyni kr. 100.00 til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti.

Ákærðu Finnþoga Rút Valdimarsson, Ingjald Ísaksson, Johan Schröder, Ingva Loftsson, Einar Júlíusson, Ólaf Jónsson, Þorstein Pálsson, Þorkel Jónsson, Daða Jóhannesson og Guðna Erlendsson ber að dæma in solidum

til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Unnsteins Beck, fulltrúa borgardómara, kr. 1000.00.

Ákærðu Guðmund Gestsson, Hauk Jóhannesson, Siggeir Ólafsson, Axel Ólafsson og Runólf Pétursson ber að dæma in solidum til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 1000.00.

Allan annan málskostnað skulu hinir ákærðu greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### D ó m s o r ð :

Ákærðu, Finnbogi Rútur Valdimarsson, Guðmundur Gestsson, Ingjaldur Ísaksson, Haukur Jóhannesson, Johan Schröder, Siggeir Ólafsson, Ingvi Loftsson, Einar Júlíusson, Ólafur Jónsson, Axel Ólafsson, Þorsteinn Pálsson, Þorkell Jónsson, Runólfur Pétursson, Daði Jóhannesson og Guðni Erlendsson, greiði hver kr. 600.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað hverrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreind refsiverð ummæli skulu ómerk vera.

Ákærðu greiði in solidum Þórði Þorsteinssyni kr. 100.00 til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti.

Ákærðu Finnbogi Rútur Valdimarsson, Ingjaldur Ísaksson, Johan Schröder, Ingvi Loftsson, Einar Júlíusson, Ólafur Jónsson, Þorsteinn Pálsson, Þorkell Jónsson, Daði Jóhannesson og Guðni Erlendsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Unnsteins Beck, fulltrúa borgardómara, kr. 1000.00.

Ákærðu Guðmundur Gestsson, Haukur Jóhannesson, Siggeir Ólafsson, Axel Ólafsson og Runólfur Pétursson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 1000.00.

Allan annan málskostnað greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

